

**Nd. 473. Tillaga til þingsályktunar [195. mál]**  
um símagjöld á Brúarlands- og Suðurnesjasvæði.

Flm.: Geir Gunnarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að gjöld vegna símtala milli Brúarlands- og Reykjavíkursvæðisins svo og innbyrðis á Suðurnesjasvæðinu reiknist á sama hátt og gjöld fyrir innanbæjarsímtöl.

#### **G r e i n a r g e r ð .**

Með þingsályktunartillögu þessari er gert ráð fyrir því, að símagjöld milli Reykjavíkur og nágrennis annars vegar og Brúarlandssvæðisins hins vegar reiknist sem innanbæjarsímtöl á sama hátt og nú gildir varðandi símtöl milli Reykjavíkur, Sel-tjarnarneshrepps, Kópavogs, Garðahrepps og Hafnarfjarðar. Verður ekki annað séð en eðlilegt og sanngjarnt sé, að Brúarlandssvæðið heyri til þessu sameiginlega gjaldsvæði, Reykjavík og næsta nágrenni. Þá er enn fremur lagt til, að símtöl milli staða á Suðurnesjum teljist innanbæjarsímtöl, þar sem hér er um nátengt og afmarkað atvinnusvæði að ræða hliðstætt Reykjavík og nágrenni.